

FW: Vinnuverndarráðstefna á Ísafirði 9. október kl. 12:30-16

**Til** : Hjördís Práinsdóttir  
**Frá** : Þórdís Sif Sigurðardóttir  
**Heiti** : FW: Vinnuverndarráðstefna á Ísafirði 9. október kl. 12:30-16  
**Málsnúmer** : 2019090104  
**Málsaðili** : Vinnueftirlit ríkisins  
**Skráð dags** : 24.09.2019 13:58:25  
**Höfundur** : Þórdís Sif Sigurðardóttir  
**Viðhengi** image001.pngimage001.png

Bæjarráð, takk.

**Þórdís Sif Sigurðardóttir, sviðstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs / Bæjarritari**

450 8021 - 862 5041 - [thordissif@isafjordur.is](mailto:thordissif@isafjordur.is)

---

**From:** Sigurður Einarsson [mailto:seinarsson@ver.is]  
**Sent:** fimmtudagur, 19. september 2019 16:56  
**Subject:** Vinnuverndarráðstefna á Ísafirði 9. október kl. 12:30-16

Ágæti viðtakandi,

Miðvikudaginn 9. október frá kl. 12:30 til 16 stendur Vinnueftirlitið fyrir ráðstefnu í Edinborgarhúsinu á ÍSAFIRÐI um öryggimál starfsmanna í fiskeldi og fiskvinnslu þar sem áhersla verður lögð á meðferð hættulegra efna við vinnu í þessum starfsgreinum. Frítt er á ráðstefnuna en skráning er nauðsynleg og fer fram [HÉR](#).

Ráðstefnan er styrkt af Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) og er hluti af samræmdu átaki hennar og samstarfsaðila um örugga meðferð hættulegra efna en átakið hófst í fyrra og lýkur í lok þessa árs. Í fyrra hélt Vinnueftirlitið tvær vel heppnaðar ráðstefnur á Akureyri og í Reykjavík um þetta viðfangsefni og hægt er að horfa á upptökur þeirra og lesa glærur af þeim [HÉR](#) og [HÉR](#).

Sérstakur fyrirlesari ráðstefnunnar er Mariann Sandsund en hún er frá Sintef í Noregi en Sintef er ein stærsta óháða rannsóknastofnun Evrópu m.a. á sviðum sem snerta vinnuvernd. Mariann leiddi stóra rannsókn í samvinnu við háskóla í Norður Noregi á vinnuumhverfi og heilsu starfsmanna í norska fiskveiðiflotanum og í sjókvíaelði þar sem sjónum var m.a. beint að kulda við vinnu og áhrifa hans á heilsu starfsmanna. Hennar fyrirlestur mun fjalla um samspil vinnu og heilsu í fiskeldi m.t.t. mats starfsmanna, vinnuálag og vinnuumhverfi. Þá verða 4 aðrir áhugaverðir fyrirlestrar, bæði frá sérfræðingum Vinnueftirlitsins og gæða- eða öryggisstjórum í fiskvinnslu og fiskeldi á Vestfjörðum.

**Dagskrá ráðstefnunnar**

**Edinborgarhúsið - Aðalstræti 7**

Miðvikudaginn 9. október 2019

## Öryggismál og hættuleg efni í fiskeldi og fiskvinnslu

Kl	Erindi	Fyrirlesari
12:30	Setning	Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
12:40	Átak í öryggismálum í fiskvinnslu	Guðmundur Kjerúlf, sérfræðingur í fræðslumálum hjá Vinnueftirlitinu
13:10	Interactions between work and health in fish farming; Norwegian employees perception, work strain and work environment	Mariann Sandsund, Ph.D. Senior Scientist, sérfræðingur hjá Sintef í Þrándheimi
13:55	Öryggismál í fiskeldi. - áhættumat með aðstoð OiRA	Sigurður Sigurðsson, fagstjóri áhættumats hjá Vinnueftitinu
14:30	Áhættumat og meðferð sterkra hreinsiefna í rækjuvinnslu	Salmar Jóhannsson gæðastjóri hjá Kampa
15:00	Kaffihlé	
15:25	Öryggismál starfsmanna í sjókvíaelði	Öryggis- eða gæðastjóri hjá fiskeldisfyrirtæki á Vestfjörðum
15:55	Samantekt og ráðstefnu slitið	Brynjar Þór Jónasson, Sviðsstjóri Öryggis- og tæknisviðs Vinnueftirlitsins
16:00	Ráðstefnulok	

Ráðstefnustjóri: Sigurður Einarsson, sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu

Meginmarkmið átaksins er annars er að vekja athygli á þeirri hættu sem að starfsfólki getur verið útsett fyrir við meðferð hættulegra efna á vinnustöðum, stuðla að vinnumenningu til að útrýma hættulegum eignum eða bæta meðferð á þeim og auka sérstaklega skilning á þeirri áhættu sem stafar af krabbameinsvaldandi eignum. Þá er lögð áhersla á að vernda starfsmenn í sérstökum áhættuhópum, s.s. börn, þungaðar konur og erlenda starfsmenn og veita upplýsingar og fræðslu um meðferð hættulegra efna, t.d. með námskeiðum og útgáfu fræðsluefnis.

Frekari upplýsingar um átakið og ráðstefnurnar er að finna á heimsíðu VER og Facebook síðu átaksins en sjá einnig heimasíðu EU-OSHA:

<https://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/vinnuverndarvikur/2019-medferd-haettulegra-efna/>

[https://www.facebook.com/vinnuverndaratakid2018til2019/?modal=admin\\_todo\\_tour](https://www.facebook.com/vinnuverndaratakid2018til2019/?modal=admin_todo_tour)

<https://osha.europa.eu/is/healthy-workplaces-campaigns/dangerous-substances-18-19>

Gómsætar kaffiveitingar að hætti Hótel Ísafjarðar í boði

Vona að þú sjáir þér fært að mæta.

---

**KVEÐJA / REGARDS**

Sigurður Einarsson

Sérfræðingur - Efna- og hollustuháttadeild | Specialist - Dept. of Industrial Hygiene

Address: Dvergshöfði 2, 110 Reykjavík, Iceland

Tel: (+354) 550 4600 | vinnueftirlit.is

---



ADMINISTRATION OF OCCUPATIONAL SAFETY AND HEALTH

---

Um ábyrgð á tölvupósti / Email Disclaimer

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing